

Fundur stjórnar foreldrafélagsins 26. janúar 2015

Mættir: Anna Lísá, Ægir, Guðrún, Emil sem stjórnaði fundi og Ásdís sem ritaði fundargerð.

Fyrirlestur: Kominn upplýsingapóstur um fyrirlestra á vegum Blátt áfram. Vilji fyrir því að fá fyrirlestur í samstarfi við skólann. Áhugi á að fá fyrirlestur fyrir eldri nemendur skólans og foreldra, en láta þó nemendur ganga fyrir. Emil fær umboð foreldrafélagsins til að ákveða þetta í samstarfi við skólastjórnendur.

Félagsgjöld: Halda skal félagsgjöldum óbreyttum. Gjaldkeri sér til þess að innheimtuseðlar séu sendir í samstarfi við Kristínu í bankanum.

Öskudagurinn 18. febrúar: Þarf að kynna sér fyrri skipulag.

- Íþróttahúsið fyrir 1.-6. bekk (spurning um karamelluregn og svala á leið út).
- Ball í „Tónó“ fyrir 7.-10. bekk (spurning hvort yngri bekkir fái að koma fyrst?). Athuga með hljóðkerfi og DJ.

Upplýsingamappa og gamlar fundagerðir: Ásdís tekur að sér að finna gamlar fundagerðir og setja upp möppu.

Næsti fundur: 10. febrúar kl. 18:00